

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademiunnar 4. tölublað 1. árgangur 16. Nóvember



Vignir Vatnar að brillera

Vignir Vatnar Stefánsson Taflfélagi Reykjavíkur teflir nú á heimsmeistaramóti 10 ára og yngri sem fram fer í Slóveníu. Eftir 7 umferðir hefur Vignir 4½ vinning og hefur þegar lagt að velli nokkra stigahærri Rússa. Vignir hefur verið í Taflfélagi Reykjavíkur í nokkur ár og sækir nú tíma í Skákskólanum og hefur um hríð verið í einkatímum hjá **Helga Ólafssyni** sem fylgir honum til Slóveníu. Þrátt fyrir að Vignir er aðeins níu ára gamall er hann nú að tefla erlendis fyrir Íslands hönd í 5 skipti og því með nokkurra reynslu. Uppáhaldsskákmaður Vignis er **Bobby Fischer**.

Þess má geta að langalangaafi Vignis var **Pétur Zóphóníasson**, sem var margfaldur Íslandsmeistari og einn og forystumönnum TR í upphafi 20. aldar.

Skákbókasala Sigurbjörns



Sigurbjörn Björnsson er mörgum skákmönnum að góðu kunnur. Ungur að árum skipulagði hann alþjóðleg skákmót í heimabæ sínum Hafnarfirði ásamt því að sitja í stjórn Skáksambandsins og vinna að æskulýðsmálum. Síðustu árin hefur Sigurbjörn flutt inn og selt skákbækur af öllum gerðum, samhliða því að hafa hækkað verulega á stigum

Bóksölu Sigurbjarnar hefur verið afar vel tekið. Við lögðum fyrir hann nokkrar spurningar.

Hvernig kom það til að þú byrjaðir að flytja inn og selja skákbækur?

Hugmyndin af þessu öllu saman kviknaði þegar ég vildi kaupa mér skákbók og endaði á að borga 7.000 krónur fyrir bók af Amazon sem ég fór síðar að selja á 3.400. Mér fannst það allt of mikið fyrir eina bók og vildi þess vegna gera eitthvað í þessu. Sjálfur var ég að mestu hættur að kaupa bækur á þessum tíma því það var svo mikið vesen og ég var alveg dottinn út úr því að vita hvar bestu bækurnar voru að finna.

Hvað hefurðu selt marga titla?

Seldir titlar eru mjög margir, sumar bækur panta ég í mjög litlu upplagi, allt niður í 2 bækur og kannski selst bara annað eintakið og hitt ekki en best er ef ég get pantað t.d. 5 eintök og verið nokkuð viss um að selja a.m.k. fjögur þeirra. Það getur þó verið erfitt að meta þetta fyrirfram því eðlilega vilja menn helst sjá aðeins af bókinni áður en hún er keypt og þess vegna fæ ég ekki svo margar forpantanir.

Hver er mest seldi titillinn?

Mest selda bókin á þessu ári er klárlega *Bobby Fischer Comes Home* eftir **Helga Ólafsson** og er hún langsöluhæsta bókin frá upphafi. Af þessum bókum sem eru svona þjúra skákbækur þá hafa báðar nýju bækurnar hans **Schandorff** um 1. d4 verið vinsælar upp á síðkastið.

Hverjir eru helstu viðskiptavinirnir?

Það má segja að SÍ, Skákakademían og taflfélögin séu dugleg að kaupa enda nýtast bækurnar afar vel í kennslu og einnig sem verðlaun. Þjálfararnir vilja vera með sem

bestar bækur í höndunum og ef það koma nýjar áhugaverðar byrjanabækur þá eru þær oftast fljótar að seljast. Einstaklingar eru líka duglegir að kaupa og má segja að það dreifist nokkuð vel. Kaupendahópurinn er orðinn nokkuð breiður, sér í lagi á Íslandsmóti Skákfélaga þar sem ég sel alltaf mjög mikið. Almennt seljast bækurnar best þegar ég mæti á skákmót og hef bóksölu en vegna tímaskorts útaf námi og vinnu þá hef ég alls ekki verið nógu duglegur að hafa bóksölu samhliða skákmótum.

Hvar er hægt að tefla?



Margir krakkar læra skák í skólanum sínum. Fyrir þá sem vilja læra meira má mæla með opnum æfingum taflfélaganna og námskeiðum Skákskólans. Æfingar félaganna eru opnar öllum krökkum, og má mæta á þær allar í hverri viku. Það eru **engin æfingagjöld** og ekki þarf að skrá sig áður en mætt er.

Æfingatafla taflfélaganna

Taflfélagið Hellir	Skákdeild KR	Skákdeild Fjölris	Taflfélag Reykjavíkur
Álfabakka 14a	Frostaskjólí	Rimaskóla	Faxafeni 12
Mán. 17:15 – 19:00	Mið. 17:30 – 18:45	Laug. 11:00 – 12:30	Laug. 14:00 – 16:00
vov@simnet.is	stefan@skakakademia.is	Helgi.Arnason@reykjavik.is	taffelag@taffelag.is

Hér má svo líta á heildaræfingatöflu á höfuðborgarsvæðinu – æfingar/mót sem er vikulega. Ef eitthvað vantar má senda póst á stefan@skakakademia.is

- Mánudagur kl. 13-15: Skákæfing í Vin, athvarfi Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir. Hverfisgötu 47.
- Mánudagur kl. 17.15-18.45: Skákæfing fyrir börn og ungmenni hjá Taflfélaginu Helli, Álfabakka 14a.
- Mánudagur kl. 19:30: Hraðskákmót í KR, Frostaskjólí.
- Þriðjudagur kl. 13: Æfingar hjá Skákfélagi eldri borgara, Stangarhýl 4.
- Víkingaklúbburinn: Æfingar fyrir börn og ungmenni annan hvern miðvikudag í Víkingsheimilinu.
- Fimmtudagur kl. 14-15: Taflfélag Garðabæjar með æfingar fyrir börn og ungmenni í Flataskóla.

- Fimmtudagur kl. 15.30-16.30: Taflfélag Garðabæjar með æfingar fyrir börn og ungmenni í Sjálandsskóla.
- Fimmtudagur kl. 18:00: Gallerí skák með allra handa mót í Bolholti 6.
- Föstudagur kl. Æfing fyrir börn og ungmenni á vegum Skákskólans og Skákakademíu Kópavogs, Stúkunni, Kópavogsvelli.
- Laugardagur kl. 11-12.30: Skákæfingar fyrir börn og unglinga á vegum skákdeildar Fjölnis, Rimaskóla.
- Laugardagur kl. 14-16: Skákæfingar fyrir börn og fullorðna á vegum Taflfélags Reykjavíkur, Faxafeni 12.

Einkatímar í boði



Færst hefur í aukana að þeir áhugasömustu af yngri kynslóðinni sæki einkatíma hjá sterkum skákþjálfurum.

Þeir allra bestu sem tefla á erlendri grundu fyrir Íslands hönd hljóta jafnan undirbúning í formi einkatíma hjá Skákskóla Íslands.

Fyrir þá sem ekki hafa komist í yngri landsliðin eru nokkrir afar sterkir og góðir þjálfarar sem bjóða upp á einkatíma. Ber hér helst að nefna þá **Ingvar Þór Jóhannesson** og **Björn Ívar Karlsson**. Báðir eru þeir félagar í Taflfélagi Vestmannaeyja en búsettir í Reykjavík og hafa í kringum 2300 skákstig. Mikil ánægja er meðal krakka og foreldra þeirra sem hafa sótt einkatímana. Jafnan er einn tími á viku en hægt er að koma sér saman um fleiri eða færri skipti.


Best er að hafa beint samband við þjálfarana og koma sér saman um tímasetningar. Ingvar Þór: xzibit@simnet.is Björn Ívar: bivark@gmail.com

Hvað er framundan?

Fram að jólum eru nokkrir skemmtilegir skákviðburðir í Reykjavík. Lítum á það helsta.

- Atskákmót Íslands helgina 16.-18. nóv.
- Íslandsmót unglingasveita í Garðabæ 24. nóv.
- Skákmaræðon Skákakademíunnar í Kringlunni til styrktar Barnaspítala Hringins.
- Jólaskákmót TR og SFS 2.-3. desember.

Þraut vikunnar



Hvítur máttar í 2 leikjum!

Mát með peði er yfirleitt talið sérlega niðurlægjandi fyrir þann sem í því lendir. Staða dagsins er úr skák þeirra Markus Stangl (2540) og Stephen Buchal (2355), sem teft var í þýsku deildarkeppninni árið 1995. Svarti kóngurinn er aðþrengdur og þar spilar hvíta peðið á h6 stóra rullu.

32. Dg7+! Hxg7

33. hxg7 mát

Fróðleiksmolinn



Drottningin var ekki meðal upphaflegu taflmannanna, sem byggðir voru á stjórnskipan og her indverskra fursta á 5. öld. Við hlið kóngsins stóð nefnilega ráðgjafi, sem var heldur silalegur í hreyfingum, eiginlega hálfgerður klaufi. Það var ekki fyrr en skákin hafði skotið rótum í Evrópu að hin almáttuga drottning kom fram á sjónarsviðið, trúlega rétt fyrir aldamótin 1500.

Drottningin varð öflugasti taflmaðurinn, og það er ekki síst rakið til þess að um þetta leyti höfðu Evrópumenn vanist valdamiklum

drottningum, til dæmis **Margréti Valdimarsdóttur** (sem var fyrsti kvenkyns þjóðhöfðingi Íslands) og **Ísabellu I. af Kastilíu** en hún var kona Ferdinands Spánarkóns. Um hann gengur sú þjóðsaga að hann hafi teflt við Kristófer nokkurn Kólumbus – og lagt undir hvort hann myndi fjármagna leit hans að siglingaleiðinni til Indlands. Kólumbus komst aldrei til Indlands – en hann fann Ameríku...